



# Minnisblað

<b>Viðtakandi</b>	Umhverfis- og samgöngunefnd alþingis	<b>Dagsetning</b>	26. janúar 2024
<b>Sendandi</b>	Innviðaráðuneytið/skrifstofa samgangna	<b>Málsnúmer</b>	IRN23111076

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis ákvað á fundi sínum þann 21. nóvember sl., með vísan til 51. gr. þingskapa, að óska eftir upplýsingum frá innviðaráðuneyti um neðangreind atriði:

## 1. Nefndin óskar eftir upplýsingum um kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga og ríkis vegna hafnarframkvæmda og dýpkunar í höfnum.

Kostnaðarhlutdeild ríkisins í stofndýpkun er 60%.

Kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í viðhaldsdýpkunum er 85%.

Kostnaðarhlutdeild miðar við heildarkostnað verks án virðisaukaskatts.

## 2. Þá óskar nefndin eftir upplýsingum um nýja Breiðafjarðarferju og hvort bæjarstjórn Vestmannaeyja hafi náð eyrum ráðuneytis og/eða Vegagerðar með að það skip verði með nægjanlega hæfðni til þess að geta dekkað leiðina til Vestmannaeyja og Þorlákshafnar.

Nýja Breiðarfjarðarferjan hefur hæfðni fyrir svokölluð C svæði siglingaleiða, en siglingaleiðin um Breiðafjörð flokkast sem C svæði. Stærsti kostur nýju ferjunnar er að hún er með tvö aðskilin framdrifskerfi þ.e.a.s. hún er útbúin tveimur aðalvélum og tveim skrúfum sem stóreykur öryggi farþega. Einnig er hún með öflugan veltiugga sem gerir siglinguna þægilegri og auk þess sem farþegarými er allt á sama dekki. Þá er hún 12 árum yngri en núverandi ferja og aðstaða fyrir farþega er mun þægilegri. Nýi Baldur tekur 235 farþega og rúmar fimm stóra flutningabíla. Bílafjöldi er samtals 50.

Aðlaga þurfti skipið að breyttum verkefnum og má þar nefna að setja þurfti þilfarskrana og útbúa gámasvæði, setja nýja síðuhurð, ný fastsetningarspil og fleira.

Í samningum um rekstur Baldurs er gert ráð fyrir því að skipið geti farið í önnur verkefni í september í samtals 3 vikur. Á þeim tíma á skipið að geti leyst Herjólf IV af þegar skipið fer í slipp. Skipið má ekki sigla á hafsvæðinu milli lands og Eyja eftir 1. október og fram til 1. maí og því getur skipið ekki nýst sem almennt afleysingaskip umfram það sem farið er yfir hér að framan.

Herjólfur III var á hluta árs 2022 og allt árið 2023 í verkefni í Færeyjum en kom á þeim tíma og sinnti afleysingum fyrir Herjólf IV þegar þurfti. Nú er því verkefni lokið og skipið komið til Íslands á ný og getur verið til taks sem afleysingaskip fyrir Herjólf IV.